

fangelsisrefsingu og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar ekki í vegi fyrir beitingu gæsluvarðhalds í þágu rannsóknar máls þessa.

Mál þetta snýst um meintan stórfelldan innflutning Ólafs Gunnarssonar á fíkniefnum til landsins og er rannsókn málsins á algerðu frumstigi og ekki á þessu stigi tímabært að samprófa Ólaf við aðra aðila máls þessa. Eftir er að rannsaka mun ítarlegar fjármálahlíð máls þessa og yfirheyra Ólaf og hugsanleg vitni og/eða samseka.

Með vísan til alls ofanritaðs og með vísan til framlagðra skjala og með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 þykir rétt að verða við fram kominni kröfu lögreglu um gæsluvarðhald yfir Ólafi Gunnarssyni. Þykir gæsluvarðhaldstíminn hæfilega afmarkaður allt til kl. 16:00 miðvikudaginn 25. febrúar 1987.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Ólafur Gunnarsson, fæddur 20.4. 1955, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 25. febrúar nk. kl. 16:00.

Miðvikudaginn 4. febrúar 1987.

Nr. 36/1987. **Ákærvaldið**

gegn

Gunnari Gunnarssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. greinar laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 28. janúar 1987 sem barst Hæstarétti 29. sama mánaðar. Krefst sóknaraðili þess aðallega að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, en til vara að gæsluvarðhaldstími verði stytur. Hann krefst og málsvarnarlauða til réttargæslumanns síns.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Málskostnaður verður ekki dæmdur.

Kæra úrskurðar þessa var að ófyrirsynju.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 27. janúar 1987.

Ár 1987, þriðjudaginn 27. janúar var háð dómsþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum í húsakynnum dómsins af Guðmundi Benediktssyni ftr. við undirritaða votta og uppkveðinn úrskurður þessi.

Málsatvik:

Rannsóknarlögreglumönnum, sem vinna að fíkniefnamálum í Reykjavík, bárust margsinnis upplýsingar um það á sl. ári að bræðurnir Gunnar, Ólafur og Tryggvi Gunnarssynir stæðu í dreifingu fíkniefna.

Sl. sunnudag var nefndur Ólafur f. 20.4. 1955 handtekinn við komu til landsins á Keflavíkurflugvelli frá Kaupmannahöfn. Við tollleit fannst á honum um ½ kg af ætluðu hassi, sem Ólafur kvaðst hafa keypt af óþekktum aðila í Kaupmannahöfn og að hann stæði einn að þessum kaupum og innflutningi. Hann sagðist hafa farið þrjár ferðir erlendis á sl. ári, en ekki keypt fíkniefni í þeim ferðum.

Ólafur hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald í allt að 30 daga vegna ætlaðra brota á fíkniefnalöggjöf undanfarna mánuði.

Í framhaldi af handtöku Ólafs voru bræður hans, Tryggvi og Gunnar, handteknir á heimili þeirra að Skeiðarvogi 97 og húsleit gerð í vistarverum þeirra. Í herbergi Gunnars fannst 0,1 g af ætluðu amfetamíni falið í hálsbindi og rör notað við amfetamínneyslu. Þá fundust ýmis gögn er sýndu fjármálatengls þeirra bræðra.

Í yfirheyrslum hjá lögreglu á sunnudag og í gær neitaði Gunnar fíkniefnaafskiptum og kvaðst telja kunningja sinn Þorgeir Jón Sigurðsson eigna hálsbindisins sem amfetamínið fannst í. Á sl. ári kvaðst hann hafa farið tvívegis til útlanda og í bæði skiptin með togaranum Viðey í svo nefnda sölutúra og hafi það verið einu utanlandsferðirnar árið 1986.

Í yfirheyrslu fyrir dómi í gær neitaði umræddur Gunnar alfarið að hafa staðið í fíkniefnabrotum undanfarið og eins þótt honum væri bent á að

framburður lægi fyrir í málinu þess efnis að hann hafi flutt inn fíkniefni á sl. ári. Aðspurður um utanferðir í framhaldi af því kvaðst hann hafa farið eina ferð í september að hann minni með Ólafi bróður sínum. Hafi þeir farið til Danmerkur og Svíþjóðar og neitaði því að hafa keypt fíkniefni í þeirri ferð eða á nokkurn hátt komið nálægt slíkum efnum. Gunnari var sýnt ljósrit af ávísun að fjárhæð kr. 82.000,- og útgefin af honum 13.11. 1986, sbr. dskj. 15 og spurður um viðskipti að baki þeirri ávísun. Kvaðst hann hafa leyst út gjaldeyri fyrir þessa ávísun því hann hafi verið búinn að kaupa flugfarmiða og ætlað til útlanda en hætt við þar sem hann hafi fengið skiprúm og látið ógilda farseðilinn.

Sérstaklega aðspurður um hver hafi sótt um þennan gjaldeyri kvaðst hann sjálfur hafa gert það. Benti dómari honum þá á að gögn lægju fyrir í málinu, sem sýndu að annar en hann hafi verið þar að verki. Taldi hann sig þá ekki vita hver hafi sótt um þennan gjaldeyri, en bætti við að hann hafi farið með Þorgeiri Jóni í banka að leysa út þennan gjaldeyri og vék síðan á eintal við réttargæslumann sinn með leyfi dómara.

Í framhaldsyfirheyrslu taldi Gunnar sig ekki geta gert grein fyrir viðskiptum að baki umræddri ávísun því þau væru honum óljós á þessu stigi.

Stella Stefánsdóttir, f. 26.4. 1956, eiginkona nefnds Ólafs var yfirheyrð hjá lögreglu sl. sunnudagskvöld, sbr. dskj. nr. 7 og viðurkenndi þá að sér væri kunnugt um að Ólafur hafi á sl. ári farið nokkrar ferðir til Danmerkur til fíkniefnakaupa, en ekki vita efnismagn í hverri ferð. Hafi bræður Ólafs, Gunnar og Tryggvi, verið í félagi með honum og sá síðarnefndi séð um að dreifa efnunum að mestu. Þá skýrði hún frá utanferð sem hún segir Ólaf og Gunnar hafa farið sl. september og hafi Ólafur farið með kr. 200.000,- með sér til efniskaupa og einnig taldi hún Gunnar hafa lagt fram fé. Kvaðst hún hafa séð hass eftir heimkomu þeirra sem Tryggvi hafi síðan tekið við til dreifingar.

Tryggvi bar af sér allar sakir um fíkniefnabrot í yfirheyrslum hjá lögreglu og hér fyrir dómi og hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald til allt að 10. febrúar nk.

Niðurstaða:

Verið er að rannsaka ætluð stórfelld brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974 og reglugerð nr. 16, 1986 og koma margir aðilar við sögu. Rannsókn málsins er þegar mjög umfangsmikil og þykir með vísan til ofanritaðs og framlagðra gagna rétt að verða við kröfu lögreglu og gera Gunnari Gunnarssyni f. 18.11. 1956 í þágu rannsóknar málsins, sem er á frumstigi, að sæta gæsluvarðhaldi í allt að 30 daga frá kl. 17:26 mánudaginn 26. janúar 1987 að telja, sbr. 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Gunnar Gunnarsson, fæddur 18.11. 1956, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 30 daga frá kl. 17:26 mánudaginn 26. janúar 1987 að telja.

Miðvikudaginn 4. febrúar 1987.

Nr. 37/1987. **Ákærvaldið**

gegn

Jóni Sigurðssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. greinar laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 28. janúar 1987. Kæran barst Hæstarétti 29. sama mánaðar. Krefst sóknaraðili þess aðallega að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, en til vara að gæsluvarðhaldstími verði stytur.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Svo sem segir í hinum kærða úrskurði fer nú fram rannsókn á ætluðum brotum nokkurra aðilja á lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, lög nr. 75/1982 og lög nr. 13/1985, sbr. og reglugerð nr. 16/1986. Leikur rökstuddur grunur á að varnaraðili sé við brot þessi riðinn. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kæra úrskurðar þessa var að ófyrirsynju.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.